

Umhverfis- og skipulagsnefnd og Bæjarráð Hornafjarðar

Efni: Athugasemdir vegna endurskoðunar á ferðaþjónustukafla Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030.

Ríki Vatnajökuls mótmælir því harðlega að ferðaþjónustukafla aðalskipulags verði breytt á þá leið að minni gistiheimili verði leyfð í skilgreindri íbúabyggð á Höfn.

Ríki Vatnajökuls, sem hagsmunafélag í ferðaþjónustu, gerir alvarlegar athugasemdir við það að Sveitarfélagið Hornafjörður skuli ekki óska eftir umsögn félagsins um endurskoðun á ferðaþjónustukafla Aðalskipulags 2012-2030. En áður hafa óskir um umsagnir borist félaginu þegar um óverulegar breytingar er að ræða og því vekur það furðu að ekki skuli hafa verið eftir því leitað að þessu sinni þegar um verulega hagsmuni í ferðaþjónustu er að ræða.

Það, að leyfa minni gistiheimili býður hættunni heim á margan hátt og hér eru nokkur dæmi:

- Gæði í ferðaþjónustu minnka
- Þörfin er ekki til staðar
- Engar greiningar hafa verið gerðar
- Reglugerðin sem bent hefur verið á, heimilar en kveður ekki á um þessar breytingar
- Eftirlit með smærri gistiheimilum er lítið sem ekkert

Gæði í ferðaþjónustu minnka: Reglugerð 1277/2016 um veitingastaði gististaði og skemmtanahald gerir ráð fyrir að *Minna gistiheimili* sé gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 5 eða færri herbergi eða hefur rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gerð krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu og getur sú baðaðstaða verið ein sturta fyrir 10 manns. Þetta eru ekki aðstæður sem eru boðlegar í ferðaþjónustu árið 2020. Sveitarfélagið hefur, skv. skýrslu sem EFLA hefur unnið, einsett sér að horfa til Áfangastaðaáætlunar DMP á Suðurlandi við endurskoðun ferðaþjónustukafla aðalskipulags sem gildir til ársins 2030. Í skýrslu EFLU fyrir sveitarfélagið segir m.a. að ferðaþjónusta sem atvinnugrein hafi vaxið hratt á undanförunum árum og sé henni rétt stýrt getur hún skapað töluverðan hagrænan, félagslegan og umhverfislegan ábata fyrir samfélög um land allt. **Mikilvægt er að leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðaþjónustu um leið og tryggt sé að jákvæð áhrif hennar skili sér til samfélags heimamanna.**

Markmið Áfangastaðaáætlunarinnar er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu sem styrkir efnahag samfélagsins og bætir lífsgæði íbúa. **Áætlunin veitir íbúum svæðisins besta mögulega tækifæri**

til að gera áætlun til framtíðar um að laða að þá ferðapjónustu sem þeir vilja og draga úr möguleikum á neikvæðum áhrifum. Við gerð þessarar skipulagsáætlunar er meðal annars horft til eftirfarandi starfsmarkmiða:

- Aðalskipulag hafi skýra sýn á uppbyggingu ferðapjónustu.
- Aðalskipulag hafi skýra sýn á staðsetningu og fjölda gististaða.
- Byggja upp í samræmi við fjölda íbúa og ferðmanna.
- Byggja upp þar sem þörfin er mest bæði miðaða við fjölda ferðamanna, samfélagið og náttúruna.
- Aðalskipulag sveitarfélaga hafi skýra sýn og markmið um uppbyggingu gististaða.
- Setja fram skýrar reglur um gistingu í íbúðarbyggð.

Með því að leyfa minni gistiheimili í íbúabyggð er ekki verið að vinna í samræmi við Áfangastaðaáætlun DMP. Þess má geta að það voru m.a. aðilar í ferðapjónustu hér á svæðinu sem tóku þátt í gerð Áfangastaðaáætlunar, í sjálfböðavinnu, með því að sitja nokkrar vinnustofur sem Markaðsstofa Suðurlands hélt utanum. Skýrslan er byggð á þessum vinnufundum.

Meirihluti umhverfis- og skipulagsnefndar hefur nefnt það sem rök í þessu máli að réttindi einstaklinga til að nota sínar eignir séu ríkar. En með því að opna á leyfi fyrir minni gistiheimili á svæðum sem skipulögð eru sem íbúabyggð er verið að fórnar hagsmunum fjöldans fyrir hagsmunum fárra. Það er ekki verið að vernda hagsmunum fjöldans sem á rétt á því að geta treyst því að þar sem skipulögð íbúabyggð er, sé ekki hægt eftir hentistefnu að breyta henni í atvinnusvæði. Þessar breytingar verða ekki gerðar í sátt við samfélagið. Þá má einnig geta þess að í umsögn Skipulagsstofnunar er bent á það hvort búið sé að kynna þessa breytingu í nærsamfélaginu og það teljum við að hafi ekki verið gert með nægjanlegum hætti. Auk þess hafa þessar breytingar ekki verið kynntar aðliggjandi sveitarfélögum sbr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Þörfin er ekki til staðar og greining á þörfinni hefur ekki verið gerð: Frá árinu 2017 hefur engin greining verið gerð af hálfu Sveitarfélagsins um þörf á auknu gistirými á svæðinu. Síðast þegar greining var gerð á því hvað vantaði helst í ferðapjónustu kom fram að það vantaði íbúðarhúsnæði víðsvegar í Sveitarfélaginu undir starfsfólk. Þessari þörf hefur verið mætt að hluta, en það vantar enn íbúðarhúsnæði og hætt er við því að ekki verði nægt íbúðarhúsnæði á svæðinu. Þetta gæti orðið til þess að íbúum getur ekki fjölgað um 1% á ári vegna húsnæðisskorts eins og Sveitarfélagið hefur stefnt að.

Margir gistaðilar hafa bætt við gistirýmum hjá sér á undanförunum árum og þannig brugðist við þeirri eftirspurn sem var til staðar 2016-2018. Einnig liggja fyrir nokkur leyfi til stækkunar gististaða.

Ferðmönnum fækkaði verulega á árinu 2019 og útlit er fyrir að þeim fækki jafnvel enn frekar á þessu ári og það hefur sýnt sig að ekki er eins mikil þörf á gistiþlássi nú og var 2017 þegar vinna sveitarfélagsins við breytingar á ferðþjónustukafla aðalskipulags hófst. Það væri því tímasekkja að leyfa minni gistiheimili í skilgreindri íbúabyggð og er ekki í samræmi við þarfir ferðþjónustunnar.

Hótel Höfn var byggt árið 1966. Á undanförunum árum hafa verið gefin út byggingarleyfi fyrir hótélum, enn sem komið er hefur enginn lagt í byggingu nýs hótels á Höfn og má reikna með að enginn leggi í slíka fjárfestingu í næstu árum ef komin verða minni gistiheimili í fimmta hvert hús á Höfn.

Reglugerð: Í áðurnefndri reglugerð er ekkert sem kveður á um að leyfa þurfi þessi minni gistiheimili, í reglugerðinni kemur einungis fram að heimilt sé að gefa leyfi fyrir minni gistiheimilum. Þetta er spurning um hvaða afstöðu skipulagsyfirvöld ætli að taka í þessu máli, en með því að heimila minni gistiheimili er verið að grafa undan þeim ferðþjónustufyrirtækjum með gistiþjónustu sem uppfylla öll tilskilin leyfi og eru að berjast við að halda fyrirtækjum sínum opnum allt árið til að stuðla að því að ferðþjónustan á svæðinu geti orðið að heilsársatvinnugrein. Hjá mörgum gistiaðilum er nú þegar komið að sársaukamörkum hvað verð á gistingu áhrærir. Ef leyft verður að opna minni gistiheimili má reikna með að einhverjir af stærri gistiaðilum verði að skella í lás, ef ekki alveg þá allavega yfir vetrartímamann.

Eftirlit: Eftirlit hefur ekki verið nægt með minni gistingum og erfitt hefur reynst að stöðva þá gististaði sem ekki hafa öll tilskilin leyfi. Hætt er við að utanumhald verði enn erfiðara ef fleiri gististaðir bætast við.

Það hefur orðið hér aflagrestur tvö ár í röð, bæði hvað varðar loðnu og humar auk þess er sláturhús ekki lengur starfandi á Höfn. Ferðþjónustan hefur á sama tíma orðið fyrir þungum höggum bæði vegna WOW air sem flutti mikinn hluta Bandaríkjamanna til Íslands, en þeir eru okkar fjölmennustu vetrargestir, og nú síðast vegna Covid-19 veirunnar sem breiðist nú hratt út. Það ætti að vera forgangsmál hjá sveitarfélaginu að styðja við ferðþjónustuna sem er önnur helsta atvinnugreinin á svæðinu. Ákvarðanir um framtíð ferðþjónustunnar eiga að vera teknar að vandlega íhuguðu máli, vera byggðar á greiningum og staðreyndum og unnar í samstarfið við ferðþjónustuna, en að ekki sé unnið gegn hagsmunum ferðþjónustunnar.

Ríki Vatnajökuls er alfarið á móti því að ferðþjónustukafla aðalskipulags verði breytt á þá leið að minni gistiheimili verði leyfð í skilgreindri íbúabyggð og ítrekar jafnframt óskir sínar um að hagsmunafélög í ferðþjónustu á svæðinu fái í framtíðinni að koma að málum er varða greinina með því að veita umsögn um slík mál.

Fyrir hönd Ríkis Vatnajökuls

Olga M Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri.